

Nd.

§§7. Frumvarp

til laga um frestun á skólahaldi skólaárið 1917—1918.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Frestað skal til 15. dags febrúarmán. 1918 skólasetning og skólahaldi í öllum þeim skólum, sem kostaðir eru eða styrktir með fjárframlagi af lands-sjóði, sýslusjóðum, sveitarsjóðum eða bæjarsjóðum.

Undanskildar ákvæði þessu eru þær deildir háskólans, sem eiga að ganga undir fyrra eða síðara hluta embættisprófs í vetur eða vor, svo og 4. og 6. bekkur Hins almenna mentaskóla. Í þeim deildum fer um kenslutím-ann eftir venjulegum reglum.

2. gr.

Landsstjórnin gerir þær ráðstafanir, er með þarf, til þess að skipsferð verði frá helstu kaupúnum kringum land til Reykjavíkur á tímabilinu frá 10. jan. til 10. febr. Þyki henni auðsætt fyrir miðjan janúar 1918, að slíkra skipsferða verði ekki kostur fyrir áður greindan tíma, eða hamli ís eða ófriður, þá er heimilt, að ákveðið sje með stjórnarauglýsing, að skólahaldi sje frestað lengur en tilgreint er í 1. gr. þessara laga í öllum þeim skólum, er þar er greint.

3. gr.

Föstum kennurum við skóla þá, sem um ræðir í 1. og 2. gr., skal greiða laun þeirra óskert, eins og kensla hefði byrjað á þeim tíma, er reglugerðir greina. Svo skal og greiða stundakennurum, sem ráðnir hafa verið til kenslu skólaárið 1917—1918, áður en lög þessi eru samþykkt sem lög frá Alþingi, um-samið kaup fyrir þá kenslu, er þeir hafa verið ráðnir til, eins og kenslan hefði staðið frá 1. okt. 1917.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.